

## KJÓAVELLIR

### HESTHÚSABYGGÐ OG ÍPRÓTTALEIKVANGUR

#### FUNDARGERÐ HÖNNUNARFUNDAR

VERKNÚMER: 08375-V002  
VERKÞÁTTUR: 3 Útisvæði hönnun  
FUNDARSTAÐUR: BS turninn Garðabæ  
FUNDARTÍMI: 10:00 til 11:30

DAGS.: 2012-07-13  
NR.: 1

	FYRIRTÆKI / STAÐA:	NETFANG:	SÍMI:
Arinbjörn Vilhjálmsson	Garðabær/skipulagsfulltrúi	<a href="mailto:arinbjorn@gardabaer.is">arinbjorn@gardabaer.is</a>	820 8582
Oddur Hermannsson	Landform/landsla.arkitekt	<a href="mailto:oddur@landform.is">oddur@landform.is</a>	482 4090
Hermann Ingi Vilmondarson	Gustur/formaður	<a href="mailto:hermann@frostmark.is">hermann@frostmark.is</a>	894 4546
Guðni Eiríksson	Verkís/Verkefnisstjóri	<a href="mailto:ge@verkis.is">ge@verkis.is</a>	824 6307

AFRIT SENT: Eysteinn Haraldsson Garðabæ; Steingrímur Hauksson Kópavogsbæ, Sveinbjörn Sveinbjörnsson Gusti

## DAGSKRÁ

### 1. Fundarefni 1

Tillaga Hestamannafélagsins Gusts um breytingar á deiliskipulagi á nýju skeifulaga keppnissvæði innan Kjóavalla.

1.1. Til fundarins var boðað til að fara yfir tillögu Gusts um breytingu á skipulagi keppnissvæðisins samanber að ofan. Hermann fór yfir tillögur Gusts um þá breytingu að víkka keppnissvæðið/íþróttaleikvanginn um að minnsta kosti 10 metra þ. e. um 5 metra til sitt hvorrar handar frá miðlínu skeifunnar sem liggur samsíða skeiðbrautunum. Núverandi skipulag gerir ráð fyrir 20 metra breiðu svæði milli skeiðbrauta kant í kant, en forráðamenn Gust telja að það þurfi að vera að minnsta kosti 30 metrar svo koma megi þar fyrir m.a. lausum/færanlegum áhorfendastúkum á upphækkuðu svæði milli brautanna á stórmótum. Þetta upphækkaða svæði sem þyrfti að vera ca. 2 metrum ofar en vellir og að lengd a.m.k jafn langt og aðalkeppnisvöllur/hringvöllur væri jafnframt notað sem bílastæði þar sem fólk gæti komið og setið í bílum og fylgst með æfingum, sýningum og ýmsum mótum hvort sem er í barna/unglinga og eða fullorðinsflokkum og þá kanski sitt hvor atburðurinn á hvorum vellinum fyrir sig. Á þetta aðallega við þegar kalt er í veðri, en menn sjá fyrir sér að þessi vellir verði nýttir nánast allan ársins hring sérstaklega þegar fram í sækir. Breidd upphækkaða svæðisins þyrfti að vera að lágmarki 20 metrar svo leggja megi til sitthvorrar handar með akbraut á milli. Breiddin helgast einnig af því að hægt sé að koma þarf fyrir færanlegum tvöföldum stúkum þ.e. stúku til sitt hvorrar handar.

1.2. Farið var yfir deiliskipulagið undir handleiðslu Arinbjarnar og það borið saman við aðra íþróttaleikvanga svo sem Vindheimamela, Hellu, Fákssvæði og fleiri. Fundarmenn voru sammála um að þessi breyting yrði til bóta sé hægt að koma henni fyrir.

- 1.3. Oddur mun gera tillögu að breytingum, planmynd og snið, en hann óskar eftir frekari rökstuðningi eða greinargerð með tillögunni sem Gustur mun láta útbúa.
- 1.4. Fram kom á fundinum að Kópavogsbær reiknar með að afvötnun innan skeifunnar verði framkvæmd eins og deiliskipulagsskilmálar gera ráð fyrir þe vatni verði safnað í sérstakar miðlunarþrær sem eru tengdar innbyrðis og að vatni frá þeim verði veitt í grjótsvelg sem bærinn hefur látið útbúa í Kjóavallamisgengi/jarðsprungu í norðvestur horni skeifunnar.

Fundi slitið kl 11:30

Ákveðið að hittast síðar þegar breytingatillögur liggja fyrir.

Ritað: Guðni Eiríksson